



Garði, 30.03.2017  
1703043 MS

00.03.08

Alþingi  
Nefndasvið  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga (afnám lágmarksútsvars).


Vísað er í tölvupóst frá Nefndasviði Alþingis dags. 14.mars 2017, þar sem Efnahags-og viðskiptanefnd Alþingis sendir sveitarfélaginu til umsagnar frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (afnám lágmarksútsvars), 120. mál.

Á fundi bæjarráðs Garðs þann 30. Mars 2017 var framangreint mál til umfjöllunar. Eftirfarandi er bókun bæjarráðs um málið:

**„Bæjarráð Garðs mælir gegn því að Alþingi samþykki frumvarpið. Frumvarp sama efnis hefur áður verið lagt fram á Alþingi og hafa sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga lagst eindregið gegn því að frumvarpið verði samþykkt. Bæjarráð bendir á að með frumvarpinu sé ekki verið að gæta hagsmuna sveitarfélaga og tekjustofna þeirra, heldur snýst það um að hluti launþega geti komist hjá því að greiða eðlilega skatta af sínum launatekjum. Ef frumvarpið verður samþykkt gætu launþegar því valið sér búsetu í sveitarfélögum sem búa við þá aðstöðu að hafa miklar tekjur af t.d. orkumannvirkjum og gætu haft svigrúm til að draga verulega úr innheimtu útsvars eða jafnvel lagt það af. Það getur m.a. haft í för með sér gervibúsetu í slíkum sveitarfélögum, til þess að viðkomandi komist hjá því að bera útsvar, sem er með öllu óeðlilegt. Þá vegur frumvarpið að jafnræði í skattheimtu, bæði milli launþega og sveitarfélaga.“**

Umsögn bæjarráðs Garðs um framangreint mál er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,

  
Magnús Stefánsson  
Bæjarstjóri Garðs